Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

16. tölublað | Þriðjudagurinn 24. apríl 1979 | 8. árgangur | Verð kr. 150

Flugleiðir: Tapið og úrbæturnar

Á aðalfundi Flugleiða var sagt frá hrikalegu tapi félagsins. Jafnframt komu fram athyglisverðar tillögur um úrbætur.
Þrátt fyrir tapið var ákveðið að greiða tæplega 3% arð til hluthafa og telst það til tíðinda með félag sem virðist vera á barmi gjaldþrots.

Tölurnar um tap Flugleiða eru ótrúlega flóknar og margvíslegar. Ljóst er að þessir 3.3 milljarðar, sem kallaðir hafa verið tap, eru alls ekki hreint tap fyrirtækisins.

Hagnaður af rekstri félagsins var 370 milljónir árið 1978. Á hinn bóginn þegar afskriftir og því tengd gjöld eru dregin frá þessari upphæð blasir við hið hrikalega tap. Er þá ekki tekið tillit til tekna og gjalda af sk. óreglulegri starfsemi. Einnig eru tjónabætur dregnar frá en líklegt má telja að félagið fái það bætt með tryggingum.

Hagnaður fyrirtækisins er þrátt fyrir allt minni en áður hefur verið. Þannig er um að ræða aukinn vanda félagsins því markmið þess er gróði til eigendanna. Meginhluti þessa vanda er tilkominn vegna vaxandi samkeppni um flugið yfir Norður-Atlandshaf.

Tillögur Ólafs Ragnars.

Ólafur Ragnar Grímsson lagði fram á þingi í vetur tillögu um rannsókn á meintri einokun félagsins. Hann benti meðal annars á að það væri fjarstæða að samgöngur til og frá landinu yltu á velgengni Flugleiða í samkeppni við amerísk og evrópsk flugfélög um þessar flugleiðir.

Við getum bætt því við hér að það er fjarstæða að 5-10 menn sem eiga meirihluta þessa fyrirtækis geti þannig ráðið flugsamgöngum til og frá landinu og notað þetta vald sitt til að standa í vafasömu fjármálaævintýri.

Skipbrot einkauðmagnsins.

Ein af "lausnum" sumra forráðamanna Flugleiða við þessum vanda, þ.e. minnkandi gróða þeirra sjálfra, er að ríkið kaupi um fjórðung hlutabréfanna. Þannig kæmust Flugleiðir í beina snertingu við ríkiskassann og gætu ausið úr honum fé til að auka sinn eigin gróða.

framhald á síðu 2



"Hvernig verða góð ráð dýr fyrir einhverja aðra en okkur ?"

Fjölmennum í aðgerðir Sameiningar 1. maí

Fjölmenn baráttusamkoma var haldin á vegum Sameiningar 1. maí - gegn kjaraskerðingum sl. laugardag.

Dagskrá var fjölbreytt enda var miðað við að hún væri bæði skemmtileg og pólitískt leiðandi. Fundurinn hófst með kynningu Sumarliða Ísleifssonar á starfinu sem unnið hafði verið og því sem er áætlað. Kom fram hjá honum að Sameining 1. maí hyggst standa fyrir mjög svo fjölbreytilegum og miklum aðgerðum á 1. maí í ár. Fyrirhugað er kraftmikil kröfuganga, síðan útifundur á Hótel Íslandsplani (Hallærisplaninu), þaðan verða svo farnar hópferðir í rútum (ókeypis) til innifundar í Sigtúni. Þar mun verða boðið upp á baráttu-og skemmtidagsrá, barnapössun og kaffiveitingar. Um kvöldið verður svo samkoma af léttara taginu þar sem stigin verður dans o. fl. í Hreyfilshúsinu. Aðgerðir Sameiningar 1. maí munu hefjast á Hlemmi kl. 2.

Bubbi Mortens var næstur og létti hann á brúnum samkomugesta með hressilegum gítarleik og söng. Hann mun einnig skemmta á 1. maí í aðgerðum Sameiningar.

Eggert Eggertsson kynnti fjárhagsstöðuna. Aðgerðirnar munu verða mjög kosnaðarsamar og eru fyrirhugaðar í því sambandi ýmsar fjáröflunarleiðir. Kökubasar verður haldinn á Lækjartorgi föstudaginn 27 apríl, merki verða seld, plaköt (af 4 gerðum), fánar fyrir börn auk fjárframlaga stuðningsaðila. Er velunnurum bent á að láta sitt af hendi rakna svo aðgerðirnar megi heppnast sem best.

Síðan var gert kaffihlé.

Eftir það spilaði Hjördís Bergs og söng nokkur lög af gamla prógraminu sínu. Henni var vel tekið og mun hún koma fram með nýtt prógram í dagskrá Sameiningar á 1. maí.

Næst flutti Kristján Guðlaugsson skelegga barátturæðu. Tók hann fyrir mikilvægi þeirra baráttumála sem Sameining 1. maí - gegn kjaraskerðingum berst fyrir. Þau eru baráttan gegn auðvaldi, stéttasamvinnu og

framhald á baksíðu



Frá göngu Baráttueiningar á 1. maí í fyrra.

Viðtal við tvo félaga Andófs '79

SJÁ BAKSÍÐU

Enn eitt dauðaslys hjá Eimskip

Enn eitt dauðaslys varð hjá Eimskip sl. mánudag og er það þriðja dauðaslysið þar á 17 mán.

Tildrög slyssins voru sú að verið var að vinna við Tungufoss er bóma skipsins féll skyndilega niður og á höfuð eins verkamannsins og lést hann samstundis. Í ljós kom að vindur skipsins höfðu lengi verið bilaðar lengi.

Öryggismál hjá Eimskip, eins og á svo mörgum vinnustöðum, hafa löngum verið í óreiðu og það er látið líðast óáreitt af forystumönnum verkalýðssamtaka.

Ljóst er að lífshættulegt er að vinna á höfninni hjá Eimskip. Það sýna mýmörg dæmi. Því er það skýlaus krafa af hálfu verkamanna að Dagsbrúnarstjórnin beiti sér fyrir róttækum aðgerðum í öryggismálum þar. En sorgleg reynslan segir okkur að það sé ekki líklegt.

Talsmaður skipaeftirlitsins lét hafa það eftir sér að vanir menn eigi að vita um þá hættu sem stafar af notkun spilsins. Vanir menn eiga semsagt að vera viðbúnir að bóman hrynji og er þetta vægast sagt furðuleg yfirlýsing.

Fyrir nokkrum mánuðum var skipuð öryggisnefnd á höfninni og skilaði hún álitsgerð til Dagsbrúnar en ekkert hefur heyrst frá stjórn Dagsbrúnar um aðgerðir í öryggismálum við höfnina. Forystumenn Dagsbrúnar eru uppteknir við allt annað en að hugsa um velferð sinna manna.

Samkomulaginu mótmælt í Keflavík

Laugardaginn 21. apríl sl. hélt BSRB-forystan fund í Keflavík til að kynna samkomulag sitt við ríkisstjórnina og reyna að afla því fylgis.

En ekki höfðu þeir erindi sem erfiði. Fulltrúar Andófs '79 mættu nefnilega á staðinn og Pétur Pétursson flutti ræðu og skýrði út hvað í samkomulaginu felst. Að lokum var borin upp tillaga gegn samkomulaginu og var hún samþykkt fyrir framan nefið á Kristjáni Thorlacius og hans nótum.

LEIÐARI

Gegn samkomulaginu

Andófshreyfingin gegn samkomulagi stjórnar BSRB og ríkisstjórnarinnar eflist dag frá degi. Nú er orðið stutt í allsherjaratkvæðagreiðsluna svo að mikið ríður á að efla starfið enn frekar.

Gerð þessa samkomulags er aðeins einn liður í kjaraskerðingarherferð ríkisstjórnarinnar. Þessi kjaraskerðingarherferð hefur staðið látlaust frá því að ríkisstjórnin tók við völdum og hún hefur notið til þess stuðnings frá flokksbræðrum ráðherranna í forystu stærstu stéttarfélaganna.

Skerðingin á vísitölunni 1. desember var af þessu tagi. Hún var gerð í "samráði við verkalýðshreyfinguna" eins og það er orðað. Ríkisstjórnin hefur síðan gengið æ lengra í kjaraskerðingarátt.

Þegar viðræðurnar um niðurfellingu 3% grunnkaupshækkunarinnar hófust var einnig um það rætt að framlengja samninga opinberra starfsmanna til 1. desember nk. Sú krafa ríkisstjórnarinnar hefur hins vegar verið dregin til baka. Að minnsta kosti í bili.

Ríkisstjórnin hefur marglýst yfir vilja sínum til "samráðs" við verkalýðshreyfinguna. Þetta "samráð" er þannig að ráðherrarnir ákveða og síðan samþykkja flokksbræður þeirra í forystu stéttarfélaganna.

"Samráð" af þessu tagi er ekki í þágu launþega. Tilgangur þess er að veita ríkisstjórninni starfsfrið til að stjórna þjóðfélagi auðherranna á þann hátt að skerða kaup verkafólks en vernda gróða auðherranna.

Launþegar verða að snúast gegn því af fullri einurð að stéttarfélög þeirra séu notuð sem afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórnina.

Tækifærið til þess hafa opinberir starfsmenn í allsherjaratkvæðagreiðslunni 3. og 4. maí nk.

Sameining 1. maí gegn kjaraskerðingu!

Á 1. maí munu baráttuöfl gegn stéttasamvinnustefnu kratanna í forystu Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins fylkja liði.

Stéttasamvinnupáfarnir í forystu ASÍ hvetja fólk til að ganga undir stuðningi við ríkisstjórnina og kjaraskerðingaráform hennar.

Gegn því mun Sameining 1. maí - Gegn kjaraskerðingu ganga. Aðgerðir Sameiningar 1. maí er eini valkostur þeirra sem mótfallnir eru stéttasamvinnustefnu krataflokkanna tveggja og stuðningsmanna þeirra í forystu stærstu stéttarfélaganna.

Sameining 1. maí er líka eini valkostur þeirra sem vilja berjast af einurð gegn hernum og NATO og allri heimsvaldastefnu.

Sameining 1. maí er eina gangan sem tekur eindregna afstöðu gegn samkomulagi BSRB-forystunnar við ríkisstjórnina.

Samvinna Baráttueiningar og Samfylkingar, sem ásamt fleirum standa að Sameiningu 1. maí, táknar einnig mikilvægt skref í sameiningu marxista-lenínista í einn flokk.

Stéttabaráttan hvetur vinnandi fólk til að fylkja sér um göngu Sameiningar á 1. maí og sýna í verki öfluga andstöðu gegn stéttasamvinnustefnunni og mæta á baráttufundinn síðdegis.

Gerum aðgerðir Sameiningar að glæsilegu upphafi markvissrar baráttu og einingar.

Flugleiðir:

framhald af forsíðu

Jón G. Sólnes lét þess um mælt á aðalfundinum að ríkið byggi ekki yfir þeirri framtakssemi og útsjónarsemi sem nú þyrfti. Þetta er sjálfsagt rétt enda ætti þingmanni að vera þetta vel kunnugt. Hitt er líka jafnvíst að eigendur Flugleiða búa heldur ekki yfir slíkri framtakssemi og útsjónarsemi.

Þjóðnýting Flugleiða að einhverju eða öllu leyti mundi engu breyta um rekstur þess nema að því leyti að meira fé fengist til rekstarins.

Eigendur Flugleiða hafa aðeins eitt markmið með rekstri fyrirtækisins og það er að fá sem mestan gróða af því. Þjónusta þess við íslenskan almenning er aðeins tæki til að græða; til að þeir geti aukið veldi félagsins og fært út kvíarnar til annarra landa. Þeir vilja ríghalda í einokunaaðstöðu sína á flugi til og á Íslandi því það er undirstaða gróðans.

Það skipti íslenskan almenning engu máli þótt misviturt ríkiskerfi tæki við af 5-10 einstaklingum við að þenja út ævintýralgt gróðafyrirtæki.

Beiðni eigenda Flugleiða um hlutafjárkaup ríkisins er ósvífin tilraun til að fara beint í vasa almennings til að borga fyrir gróðasókn þeirra sjálfra. Jafnframt er þetta dæmi um uppgjöf einkaauðmagnsins við að reka fyrirtækið. Þeir viðurkenna í raun og veru að það er á allan hátt eðlilegra að ríkið reki fyrirtækið.

En þjóðnýting af því tagi sem þeir biðja um er einskis virði nema fyrir þá sjálfa. Henni hefur verið réttilega lýst svo að ríkið borgi tapið en auðherrann hirði gróðann. Slík eru samskipti ríkisins við auðherrana.

Það sem skiptir máli er að fyrirtæki sem ræður flugsamgöngum til og frá landinu og innan þess sé stjórnað með hagsmuni fjöldans fyrir augum. Það fyrirtæki hefði það að markmiði að gera íslendingum kleift að ferðast ódýrar innanlands og til annarra landa.

Það er þjóðnýting af þessu tagi sem við hljótum að berjast fyrir.

Viðtal við tvo félaga Andófs '79

Framhald af baksíðu.

séu notuð eða öllu heldur misnotuð í þágu stjórnmálaflokka. Ríkisstjórnin samdi um það við forystu ASÍ að hækkunin félli burt ef ASÍ-samningar yrðu framlengdir frá 1. desember. Þess vegna eru flokksbræður ráðherranna núna svo ákafir í að keyra þetta samkomulag í gegn. Þetta er meira að segja viðurkennt í Ásgarði. Við álítum líka að það eigi ekki að afsala sér umsömdum kauphækkunum. Það er þeim mun hættulegra sem nú situr ríkisstjórn sem hefur tekið það upp sem kjaraskerðingaraðferð að taka burt umsamdar kauphækkanir gegn sk. "félagslegum umbótum" sem oft eru orðin tóm. Til dæmis eiga opinberir starfsmenn ennþá inni 3% "félagsmálapakka" frá 1. desember.

Við álítum líka að margt í þess samkomulagi sé einskis virði og sumt blátt áfram spor afturábak fyrir ríkisstarfsmenn.

Getið þið skýrt það nánar?

Eitt atriði samkomulagsins gengur út á það að fækkað er í Kjaradeilunefnd úr 9 í 5. Nefndin er hins vegar skipuð á sama hátt og áður og hefur sömu völd. Auk þess er tiltekið í samkomulaginu að semja eigi reglugerð sem nánar kveði á um það hverjir eigi að vinna í verkföllum. Það virðist eiga að vera einkamál ríkisstjórnarinnar hvernig þær reglur líta út. Að minnsta kosti er ekkert getið um það í samningnum.

Þetta atriði er þess vegna lítils virði fyrir okkur og getur orðið blátt áfram hættulegt fyrir ýmsa starfshópa, sem geta flokkast undir öryggis- eða heilbrigðisþjónustu.

Í þessu samkomulagi er einnig gert ráð fyrir að samninganefnd BSRB fari með alla kjarasamninga opinberra starfsmanna nema röðun í launaflokka. Þetta teljum við spor afturábak þar sem það eykur stórlega miðstjórnarvald innan BSRB en skerðir að sama skapi vald aðildarfélaganna. Þau eru svipt stærstum hluta sérkjarasamninganna. Að vísu fá þau verkfallsrétt um röðunina en hann er háður slíkum skilyrðum að hæpið er að hann nýtist nokkru sinni. Hann má aðeins nota á þriggja ára fresti og þá verða öll félög að boða til verkfalls samtímis.

Er mikil andstaða gegn samkomulaginu?


Okkur finnst hún vera meiri en við bjuggumst við. Forysta BSRB hefur þó gert allt sem í hennar valdi hefur staðið til að kæfa hana og gera lítið úr henni. Til dæmis hafa ályktanir félaganna sem mótmælt hafa ekki verið birtar í Ásgarði, málgagni BSRB. Haraldur Steinþórsson heldur því að vísu fram að aldrei hafi verið farið fram á það. Okkur finnst þetta léttvæg rök. Jafnvel þótt ekki sé farið fram á slíkt þá ætti ritnefnd Ásgarðs að birta það ef forystan meinar eitthvað með lýðræðistalinu. Hins vegar vitum við fyrir víst að sum félaganna hafa farið fram á birtingu og hafa sent ályktanirnar stjórn BSRB.

Fulltrúar okkar hafa fundið það á vinnustöðum að andstaðan gegn samkomulaginu á mikinn hljómgrunn. Fólk er orðið þreytt á því að vera matað af forystunni sem ráðskast með hagsmuni þess að vild. Forystan gerir samning og síðan á fólk að koma á tilteknum degi og samþykkja hann í atkvæðagreiðslu. Fólk er orðið þreytt á þessum vinnubrögðum og vill mótmæla þeim.

Við stefnum að því að samkomulagið verði fellt og vinnum af öllu afli að því marki okkar. Það verður síðan að koma á daginn hvort það tekst.

Eitthvað að lokum?

Ekki nema að hvetja alla til að kynna sér vel þetta samkomulag og íhuga vandlega vinnubrögð forystunnar og ástæðurnar fyrir samningnum. Ef menn gera þetta erum við ekki í neinum vafa um að fólk segir nei í allsherjaratkvæðagreiðslunni.



...í stuttu máli

MÓTMÆLI GEGN KJARNORKUVRUM

Slysið í kjarnorkuverinu í Harrisburg á dögunum hefur vakið mikla öldu mótmæla víð um heim. Í Bandaríkjunum og nokkrum Evrópulöndum eru kjarnorkuver af sama tagi og það sem er í Harrisburg. Bent hefur verið á að ráðamenn kjarnorkuversins hafi verið ráðþrota eftir slysið og enn þá er ekki komið fram í dagsljósið hvað olli slysinu.

Mótmælaaðgerðir urðu meðal annars í borginni Fayetteville í Arkans í Bandaríkjunum. Þar var á það bent að slysið í Harrisburg var fjarri því að vera fyrsta slys í kjarnorkuveri þótt það hafi hlotið mest umtal.

Eitt hundrað mótmælendur settust að á skrifstofu iðnaðarráðuneytis Japans í Tókíó og kröfðust endurskoðunar á öryggismálum kjarnorkuvera í Japan.

Svipaðar aðgerðir hafa átt sér stað í Frakklandi.

ÍRAN BYRJAR AFTUR GASSÖLU TIL SOVÉTRÍKJANNA

Íranir hafa aftur tekið upp gassölu til Sovétríkjanna. Útflutningsbann var í Íran á olíuvörum frá því í desember og til marsloka.

Verkföllin í Íran og útflutningsbannið hafa haft áhrif í nokkrum lýðveldum Sovétríkjanna. Þannig hefur verið olíuskortur í Armeníu, Georgíu og Azerbaijian.

Það vekur athygli að Sovétríkin kaupi gas og olíu frá Íran. Sovétmenn nota sjálfir innfluttu olíuna en gas- og olíuframleiðsla Sovétríkjanna er seld til Austur- og Vestur-Evrópu!

Þetta er viðskiptamáti herranna í Kreml. Þeir kaupa ódýrt frá Íran en selja síðan dýrt til annarra.

INDVERSKA ÞINGIÐ FELLDI VIÐURKENNINGU Á HENG SAMRIN

Nýlega var felld tillaga í indverska þinginu um að viðurkenna stjórn Heng Samrins, lepps víetnama í Kampucheu. Tillagan var felld með miklum mun atkvæða.

ATHUGASEMD

Fulltrúar Andófs '79 báðu Stéttabaráttuna að koma á framfæri eftirfarandi nöfnum félaga í Andófinu.

Við gerum það hér með og hvetjum alla sem vilja taka þátt í baráttunni að hafa samband við einhvern af þeim. Einnig geta menn fengið merki hreyfingarinnar og dreifirit hjá þeim

Sigurður Ingi Andrésson kennari, sími 34287, Eiríkur Brynjólfsson kennari, sími 21465, Helga Gunnarsdóttir félagsráðgjafi, sími 41527, Pétur Pétursson þulur, sími 16248, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi, sími 83737, Sigríður Jóhannsdóttir skrifstofumaður, sími 81499, Sigríður Kristinsdóttir sjúkraliði, sími 86148.

Sýning frá N-Kóreu

Dufþakur

Fátt er vitað um Alþýðulýðveldið Kóreu, eða Norður-Kóreu hér á landi utan hvað kommúnistar eru þar alls ráðandi og þjóðarleiðtoginn heitir Kim Il Sung og er mjög virtur og elskaður af þjóð sinni. Því er mikill fengur að sýningu þeirri, sem starfsmenn n-kóreanska sendiráðsins í Stokkhólmi fluttu hingað til lands og hafa sett upp í Alþýðubankahúsinu við Laugaveg.

Sýning þessi er ekki mikil að umfangi, en veitir þó nokkuð góða innsýn í stöðu Alþýðulýðveldisins í dag á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins, svo og listrænt sköpunarstarf alþýðunnar. Þarna má sjá haglega gerða listmuni, útsaum, hljómplötur, póstkort, bæklinga og bækur, þar á meðal helstu ritverk Kim Il Sung og margt margt fleira. Flestir sýningarmunanna eru til sölu og er verðinu stillt mjög í hóf.

Eins og getið var hér í upphafi vitum við næsta lítið um þetta ríki, enda hefur það ekki verið mikið í fréttum undanfarin ár, né heldur hafa marx-lenínistar gefið því sérstakan gaum, enda hafa þeir kannski nóg með sitt og í mörg horn að líta. Þó er full þörf á því, að við kynnum okkur sögu þessa lands og þjóðfélagshætti, fyrst og fremst til þess að efla vináttubönd og menningarleg samskipti milli Íslands og N-Kóreu. Það er ekki síður ástæða til að efla þessi tengsl fyrir þá sök, að N-Kórea er líklega eina landið í Suðaustur-Asíu - fyrir utan Kína að sjálfsögðu - sem hefur þróast í eðlilega átt og í samræmi við bestu hefðir marx-lenínismans.

Alþýðan í N-Kóreu hefur þurft að heyja harðvítuga baráttu fyrir tilverurétti sínum. 1910 var landið hernumið af Japönum og það var ekki fyrr en í lok síðari heimsstyrjaldar sem Kóreubúum tókst að losa sig við fjötra fasismans. Landinu var þá skipt um 38. breiddarbaug. Í upphafi sjötta áratugsins réðust Bandaríkjamenn inn í norðurhlutann með aðstoð herliðs Sameinuðu Þjóðanna. Þeirri styrjöld lauk 1953 á þann hátt, að Bandaríkjamenn voru hraktir aftur suður fyrir landamærin. Í báðum þessum styrjöldum naut kóreönsk alþýða dyggrar aðstoðar grannríkja sinna; í fyrra sinnið sovéskra hersveita og í það síðara kínverskra.

Enn er landinu skipt í tvo hluta og hafa ítök bandarískrar heimsvaldastefnu löngum sett svip sinn á þjóðfélagshætti í suðurhluta landsins. Þó munu ítök USA hafa dvínað nokkuð upp á síðkastið. Eins og málin standa í dag er töluverður vilji af hálfu ríkisstjórnanna í norðri og suðri til að sameina landið og mun hafa náðst allgóður árangur á því sviði.

N-Kóreanska sýningin í Alþýðubankahúsinu er haldin í tilefni 67 ára afmælis Kim Il Sungs, en það var 15. apríl sl. (þ.e. sama mánaðardag og KFÍ/ML er stofnaður). Sýningunni lýkur 25. apríl og er því hver síðastur að afla sér einhverra upplýsinga un sögu og þjóðlíf þessa lands.

Vonandi verður þessi sýning til þess að treysta og efla vináttutengsl Íslands og Alþýðulýðveldisins Kóreu.

Barátta skærulida í Zimbabwe

Breytingar á tilhögun skæruliðabaráttunnar í Zimbabve (Ródesíu) hafa leitt til aukins skæruhernaðar.

Breytingarnar felast í því að aðalstöðvar skæruliða færast inn í landið en hafa fram að þessu verið erlendis. Einnig hefur þungamiðja skæruliðabaráttunnar færst frá dreifbýli í þéttbýli.

Foringi kynþáttaaðskilnaðarsinnanna, Ian Smith, hefur viðurkennt þetta. Fremur hljótt hefur hins vegar verið um þessa atburði vegna kosninganna sem nú standa yfir.

Í október sl. gerðu skæruliðar árás á Umtali, þriðju stærstu borg landsins. Þeir réðust á bækistöðvar flughersins, vopnabúr í borginni, lögreglustöðina og aðaldómhús borgarinnar. Árásin var gerð frá skæruliðastöðvum á hæðum umhverfis borgina.


Breska blaðið The Guardian hefur bent á að meginárásir skæruliða hafi fyrrum komið frá Mósambik en nú komi þær frá stöðvum innan landsins.

Skæruliðahópar hafa einnig gert árásir á höfuðborgina, Salisbury, og eyðilagt olíubirgðastöðvar. Í desember sl. eyðilögðu þeir olíubirgðastöð og þar brann olía sem jafngilti 18 mánaða neyslu.

Skæruliðar njóta stuðnings alþýðunnar.

Í þessari baráttu njóta skæruliðarnir stuðnings alþýðunnar í ladinu. Smithstjórnin hefur komið á fót sérstökum njósnasveitum sem frægar eru fyrir grimmd. Þessar sveitir leita skæruliðana uppi í skóginum og fara inn í þorpin og reyna með öllum ráðum að veiða upplýsingar upp úr þorpsbúum. Þegar njósnarar þessir finna eitthvað grunsamlegt kalla þeir herflokka til aðstoðar

Þessi viðleitni stjórnarinnar hefur þó ekki borið árangur. Þorpsbúar hafa af sárri reynslu lært að þekkja í sundur skæruliðana og njósnarana.



Baráttan gegn kynþáttakúgun í Afríku eykst dag frá degi

Berjast frekar með skæruliðum en stjórnarhernum.

Æ fleiri stúdentar og aðrir sem kvaddir hafa verið í herþjónustu í her Smithstjórnarinnar koma sér undan herskyldu og ganga frekar í lið með skæruliðum.

Stúdentar yfirgefa námið til að ganga í lið með skæruliðum. Forsvarsmaður eins háskóla sagði að sumir stúdentar færu með þeim ummælum að fyrst þeir yrðu að berjast væri réttast að ganga í skæruliðaherinn.

Þess má geta að vel þekktur háskóli fyrir svarta nálægt höfuðborginni nærri því tæmdist þegar þangað fréttist að skrá ætti alla stúdentana þar í herinn.


Skæruliðar njóta einnig stuðnings trúboða í landinu og hafa oftsinnis fengið matvörur og lyf frá þeim.

Allt bendir því til að skæruliðum vaxi verulega fiskur um hrygg og að þeir þjarmi sífellt meira að Smithstjórninni.

Ian Smith getur frestað falli sínu og kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar í Ródesíu um tíma með því að neyða íbúana til að taka þátt í kosningum með því að senda hermenn og embættismenn út um allt land. En hann stöðvar ekki sókn skæruliðanna.

Kosningarnar sem nú fara fram eru aðeins eitt merkið um uppgjöf kynþáttaaðskilnaðarsinnanna. Yfirvöld landsins hafa eytt gífurlegu fé í áróður til að fá íbúana til að kjósa.

Yfir 2000 kjörstaðir hafa verið settir upp, dreifirit send út í milljónatali og 5000 embættismenn auk hermanna hafa verið sendir út af örkinni til að "hvetja svertingjana til að taka þátt í kosningunum.



SJÁLFSKAPARVÍTI KHOMENEIS

ÚR BARÁTTUNNI

NÝTT VÍSITÖLUÞAK.

Ríkisstjórnin gerir það ekki endasleppt. Það er ekki fyrr búið að dæma vísitöluþakið ólöglegt en ráðherrarnir bollaleggja nýtt.

Að sögn Magnúsar H. Magnússonar, félagsmálaráðherra, fara nú fram umræður um þetta innan ríkisstjórnarinnar. Þetta fyrirhugaða þak á að koma á heildarlaun en ekki grunnlaun eins og var. Ekki er alveg ljóst hvað ráðherrann á við með þessu. Samkvæmt því sem hann segir á að setja þak á vísitölubætur á önnur laun en grunnlaun. Hann veit kannski ekki, ráðherrann, að vísitölubætur eru einungis greiddar á grunnlaun.

Magnús sagði einnig að með hátekjufólki ætti hann við iðnaðarmenn í uppmælingu, BHM-menn suma, togarasjómenn og flugmenn!

VINNUSTAÐAFUNDIR ANDÓFS '79

Félagar Andófs '79 hafa haldið nokkra vinnustaðafundi til þessa og fleiri munu á döfinni.

Að sögn eins fulltrúans hefur þeim verið mjög vel tekið og nokkuð hefur verið um það að fulltrúar hafa verið beðnir um að koma á vinnustaðina.

Það er ljóst að andstaðan gegn samkomulaginu er mun meiri en almennt hefur verið álitið. Starfsaðferðir forystu BSRB hafa hins vegar náð að villa um fyrir fólki Þess vegna er afar áríðandi að styðja dyggilega við Andóf '79.

MONDALE, ARNALDS OG BERGMANN

Það vakti athygli þeirra sem þátt tóku í mótmælastöðu herstöðvaandstæðinga vegna komu Mondales að Árni Bergmann var mættur á staðinn. Það er ekki langt síðan þessi sami maður lék þann leik að ata auri starfandi herstöðvaandstæðinga.

Árni var þó ekki kominn til að tjá hug sinn til bandarískrar heimsvaldastefnu og mótmæla komu Mondales, heldur var hann að fara á blaðamannafund með varaforsetanum.

Það leiðir hugann að flokksbróður hans, Ragnari Arnalds. Hann er herstöðvaandstæðingur eins og menn kannski muna. Hann lét samt ekki telja það eftir sér að ganga um Árnasafn með fulltrúa amerísku heimsvaldastefnunnar!

FORMANNASKIPTI Í FÉLAGI SJÚKRALIÐA

Nýlega var kjörin ný stjórn í félagi sjúkraliða. Formaður var kjörinn Sigríður Kristinsdóttir. Hún fékk 239 atkvæði en fráfarandi formaður 123.

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR.5000.-

BARÁTTU ÁSKRIFT : KR.7000.-

TIL ÚTLANDA : KR.13000.-

TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR.500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
16. tbl. 8. árg. 24.4. 1979



STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Viðtal við tvo félaga Andófs '79

Það hefur vakið talsverða athygli að stofnuð hefur verið hreyfing til að starfa gegn samkomulagi stjórnar BSRB og ríkisstjórnarinnar um niðurfellingu 3% kauphækkunar. Hreyfing þessi er kölluð Andóf ´79 og markmið hennar er að vera vettvangur fyrir baráttu gegn þessu samkomulagi.
Stéttabaráttan hitti tvo félaga Andófs ´79 að máli nýlega, þá Sigurð Inga Andrésson og Eirík Brynjólfsson, og spurði þá um baráttuna og samtökin.


Sigurður Ingi Andrésson


Eiríkur Brynjólfsson

Hvernig var þessi hreyfing stofnuð og hverjir standa að henni?

Hreyfingin var stofnuð á fundi sem haldinn var laugardaginn í Dymbilviku. Þar komu saman nokkrir opinberir starsmenn sem vildu hefja starf gegn samkomulaginu. Síðan hefur þetta smáþróast áfram og fleiri bæst í hópinn.
Að hreyfingunni standa opinberir starfsmenn úr ýmsum starfsgreinum og með ýmsar pólitískar skoðanir. Hreyfingin er alls ekki bundin neinum stjórnmálaflokki. Hún hefur aðeins eitt markmið og það er að vinna að því að fella samkomulagið. Það er einungis unnt að gera með því að hafa hreyfingu sem er óháð flokkunum og treystir á fólkið sjálft og krafta þess.

Hvernig starfar hreyfingin?

Andóf ´79 leggur megináherslu á vinnustaðastarf. Fulltrúar Andófs hafa haldið fundi í matartímum hjá nokkrum opinberum stofnunum og verið mjög vel tekið. Við höfum líka fengið óskir frá stofnunum í og utan Reykjavíkur um að senda fulltrúa og reynum eftir bestu getu að verða við því.
Fyrir utan vinnustaðastarf mun hreyfingin gefa út dreifirit eða blað. Það veltur á kostnaðinum hvort verður. Einnig munum við gefa út merki til að selja. Tekjurnar af sölu þess munu verða aðaltekjur Andófsins.
Andóf fyrirhugar einnig að halda opinberan fund, líklega laugardaginn 28. apríl. Þar munu fulltrúar Andófs halda ræður og skemmtiatriði munu létta mönnum skapið.
Að síðustu reyna fulltrúar Andófs að koma á fundi aðildarfélaga BSRB í Reykjavík þar sem samkomulagið verður kynnt og skoðunum okkar komið á framfæri.

Hefur Andóf tengsl við félög opinberra starfsmanna sem mótmælt hafa samkomulaginu?

Enn sem komið er hafa lítil slík tengsl myndast. Allir Andófsmenn eru félagar í einhverju félagi opinberra starfsmanna og mynda að sjálfsögðu tengsl.
Nú á næstunni mun Andóf senda þessum félögum bréf með beiðni um stuðning. Eitt félag, Félag félagsráðgjafa, hefur þó nú þegar samþykkt stuðning við okkur og sent 10.000 krónur í sjóð. Það er ljóst að gagnkvæmur stuðningur þarf að ríkja þarna á milli og höfum við nú þegar góð samskipti við sum þessara félaga.

Hvers vegna hvetjið þið ríkisstarfsmenn til að fella samkomulagið?

Til þess liggja margar ástæður. Samkomulagið er í fyrsta lagi gert til að bjarga ríkisstjórninni út úr þeirri klípu sem hún er komin í. Við vilju mótmæla því að samtök opinberra starfsmanna

framhald á síðu 2

SAMKOMULAGIÐ:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa náð samkomulagi um eftirfarandi:

1. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir eftirfarandi efnisbreytingum á lögum nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:

a. Fellt verði niður úr lögum ákvæði um tveggja ára lágmarks samningstímabil, en lengd samningstímabils verði framvegis samningsatriði.

b. BSRB fer með gerð aðalkjarasamninga fyrir ríkisstarfsmenn. Á sama hátt fara félög bæjarstarfsmanna með gerð aðalkjarasamninga við hlutaðeigandi sveitastjórnir.

c. Hvert aðildarfélag BSRB fer með gerð sérkjarasamninga, það er um skipun starfsheita og manna í launaflokka. Þeir samningar gildi í 3 ár. Ef sérkjarasamningar takast ekki, skulu aðildarfélögin hafa verkfallsrétt, enda verði verkfall þá boðað samtímis og frá sama tíma hjá öllum aðildarfélögum BSRB, sem verkfall ætla að boða. Heimilt skal félögum í stað verkfallsboðunar að vísa ágreiningi skv. þessum lið til þriggja manna gerðardóms, þar sem samningsaðilar skipa sinn mann hvor og Hæstiréttur formann. Á sama hátt getur ráðherra eða sveitarstjórn sem segir upp samningi einhliða lagt á verkbann eða skotið einstökum málum af þessu tagi til gerðardóms. Til gerðardóms má skjóta málum einstaklinga á samningstímabili vegna nýráðinga og breytinga á störtum. Ákvæði þessa liðar taki gildi 1. sept. 1980.

d. Nefndarmönnum í Kjaradeilunefnd verði fækkað úr 9 í 5. Fjármálaráðherra skipi tvo, BSRB tvo og Hæstiréttur einn, sem sé formaður. Gildandi ákvæði í lögum, þar sem kveðið er á um hverjir ekki megi fara í verkföll til að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisgæslu og heilsugæslu verði gerð skýrari.

e. Lögin nái til hálfopinberra stofnana, m. a. þeirra sem fá fé til greiðslu launa frá ríki eða sveitarfélögum að meginhluta. Ákvæði um þetta verði sett með lögum eða reglugerð eftir því sem þörf krefur að ath. máli.

2. Jafnframt því sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir ofangreindum breytingum á samningsréttarlögum BSRB nr. 29/1976, samþykkir samninganefnd BSRB fyrir sitt leyti að falla frá þeirri 3% grunnkaupshækkun, er taka átti gildi 1. apríl n.k. Samkomulag þetta er af báðum aðilum undirritað með þeim fyrirvara að það verði samþykkt í allsherjaratkvgr. félagsmanna BSRB.

Reykjavík, 23. mars 1979.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs — F.h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja

[signatures]

Í viðtalinu kemur skýrt fram hvers eðlis samkomulag BSRB-forystunnar og ríkisstjórnarinnar er.

Hækkun lyfja- og lækniskostnaðar

Enn dynja yfir hækkanir. Í þetta skiptið er um að ræða stórfellda hækkun á lyfjarverði og greiðslum fyrir læknisþjónustu.
Hluti lyfjaverðs sem sjúklingur greiðir hækkar upp í 2000 krónur ef um erlend lyf er að ræða en upp í 750 krónur ef um innlend lyf er að ræða. Sjúkrasamlagið greiðir það sem fer fram yfir.
Gjald fyrir að fara til sérfræðings hækkar í 2000 og gjald fyrir að fá næturlækni verður einnig 2000 krónur.
Þarna er um geysilegar hækkanir að ræða. Þær eru frá 40% og allt upp í rúmlega 200%.

Það er athyglisvert að þessi hækkun bitnar harðast á gömlu fólki sem notar mest lyfja- og læknisþjónustuna.
Svona lítur þá félagsmálapakki ríkisstjórnarinnar út í raun.

Hækkaðir raunvextir


Jóhannes Nordal

Seðlabankinn hefur látið þau boð út ganga að þar sé verið að undirbúa reglur um breytingu á lánavöxtum. Þessar reglur eiga að vera í samræmi við ákvæði í hinum nýju lögum ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál.
Í megindráttum er hugmyndin sú að verðtryggja lán en lækka vexti. Vextir eiga síðan að reiknast af höfuðstólnum auk vísitöluhækun lánsins.
Þetta lítur vel út við fyrstu sýn enda er því óspart hampað að um lækkun vaxta sé að ræða.
Það þarf varla að taka fram að einungis launþegum eru boðin lán á þessum kjörum. Atvinnurekendur fá enn þá óverðtryggð lán á 6-8% vöxtum að meðaltali.
Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur nýverið tekið upp þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Þau lán verða hér eftir 100% verðtryggð en á mjög lágum vöxtum, aðeins um 2%.
Það að lán er verðtryggt þýðir að það hækkar í samræmi við verðbólgu. Þannig hækkar lánið í krónutölu og tilgangurinn er sá að koma í veg fyrir að lánið rýrni í verðbólgunni. Lánveitandinn fær alltaf sömu upphæð endurgreidda. Launþegar greiða hins vegar þessi lán af launum sínum sem ekki eru verðtryggð nema að hluta. Það er að segja skuldin hækkar en launin lækka.
Stefna ríkisstjórnarinnar er að hækka vexti en það er gert á þann hátt að verðtryggja lánin. Afleiðingin er sú sama. Lántakan verður óhagstæðari.
Og eins og fyrr sagði eru þessi kjör einungis á lánum til almennings en ekki til atvinnurekenda.

'Áskrift

Ég undirrit aður/uð óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ____________________

Heimili: ____________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík

Fjölmennum í aðgerðir Sameiningar 1. maí

framhald af forsíðu

heimsvaldastefnu. Hvatti hann fólk eindregið til þátttöku í aðgerðunum og til baráttu fyrir stefnu þeirra.
Á samkomunni gengu listar þar sem fólk skráði sig til þátttöku í nefndum Sameiningar, skemmtinefnd, göngunefnd og dreifinefnd. Þær nefndir eru nú orðnar fjölmennar og starfa að fullum krafti að verkefnum sínum. Einnig skráði fjöldi manns sig á lista til kökubaksturs fyrir basarinn
Í lok samkomunnar stjórnuðu félagar úr sönghópnum Kjarabót fjöldasöng. Kjarabót mun koma mikið við sögu í aðgerðum Sameiningar á 1. maí, mönnum til gagns og gamans.
Að lokum vill Stéttabaráttan hvetja fólk til að leggja sitt af mörkum til að baráttustefna verkalýðsins njóti sem mests fylgis á hinum alþjóðlega baráttudegi.